



norden

Íslandsdeild
Norðurlandaráðs

Reykjavík 31. maí 2011

Fréttamannastyrkir Norðurlandaráðs 2012

Norðurlandaráð veitir fréttamönnum á Norðurlöndum styrki árlega og árið 2012 kemur í Íslands hlut fjárhæð að jafnvirði 90.000 danskar krónur. Styrkirnir veita fréttamönnum tækifæri til að auka þekkingu sína á norrænum málefnum og norrænu samstarfi.

Styrkirnir eru veittir einum eða fleiri fréttamönnum dagblaða, tímarita, útvarps- eða sjónvarpsstöðva eða sjálfstætt starfandi fréttamönnum.

Í tilefni af sextíu ára afmæli Norðurlandaráðs árið 2012 verður við úthlutun sérstök áhersla á norrænt þingmannasamstarf og afmælisþing Norðurlandaráðs í Helsinki. Norðurlandaráð er samstarfsvettvangur þjóðkjörinna þingmanna og er sem slíkt ráð allra Norðurlandabúa. Hvaða þýðingu hefur samstarfið fyrir Íslendinga og aðra Norðurlandabúa og hvað er hægt að gera til að efla þýðingu þess enn frekar?

Styrkjunum er úthlutað til einstaklinga á grundvelli greinargerðar í umsókn. Í umsóknum skal tilgreina hvernig umsækjandi hyggst nota styrk. Einnig skal gera grein fyrir verkáætlun og kostnaðaráætlun. Þá skal tekið fram hvort umsækjandi hafi áður hlotið fréttamannastyrk Norðurlandaráðs.

Styrk ber að nýta innan árs frá úthlutun. Styrkþegar skulu senda Íslandsdeild Norðurlandaráðs stutta greinargerð um hvernig styrknum var varið og hvaða efni var unnið í framhaldi af styrkveitingunni. Norðurlandaráð áskilur sér rétt til að nota greinargerðina í starfi sínu.

Frekari upplýsingar um fréttamannastyrki Norðurlandaráðs má finna á <http://www.norden.org/is/nordurlandarad/bladamannastyrkir-nordurlandarads>.

Umsóknareyðublað er meðfylgjandi.

Umsóknum má skila rafrænt til larusv@althingi.is eða með bréfi til:

Íslandsdeild Norðurlandaráðs
Alþingi
150 Reykjavík

Umsóknarfrestur er til kl. 12 á hádegi mánudaginn 18. júní 2012.